



## Reglur um heilsueflingarstyrki

Sveitarfélagið stendur vörð um velferð og heilsu starfsmanna sinna og hvetur til heilsueflingar, eins og sveitarfélaginu er frekast unnt. Góð heilsa og vellíðan starfsmanna er sveitarfélaginu mikilvæg og skilar aukinni starfsánægju og færri veikindafjarvistum. Sveitarfélagið leggur áherslu á að starfsmenn leggi rækt við eigin heilsu og ástundi heilbriggt lífferni. Með stuðningi og hvatningu til heilsueflingar leggur sveitarfélagið grunn að bættri andlegri og líkamlegri líðan starfsmanna.

Markmið með styrknum er að stuðla að því starfsmenn stundi heilsueflingu að staðaldri sem bætir líkamlegt og andlegt ástand þeirra sem stuðlar að betri heilsu, meiri starfsánægju og færri veikindafjarvistum.

### Reglur

1. Fastráðið starfsfólk og starfsfólk með tímabundna ráðningu og er í a.m.k. 25% starfshlutfalli getur sótt um heilsueflingarstyrk sveitarfélagsins.
2. Réttur starfsfólks stofnast þegar það hefur starfað í 6 mánuði hjá sveitarfélaginu.
3. Starfsfólk þarf að vera í ráðningarsambandi við sveitarfélagið þegar það sækir um styrk.
4. Starfsfólk skal sækja fyrst um styrk til síns stéttarfélags áður en sótt er um heilsueflingarstyrk hjá sveitarfélaginu.
5. Fyrir árið 2024 er styrkupp hæðin allt að 20.000 kr. Styrkupp hæð getur aldrei orðið hærrí en sem nemur útlögðum kostnaði skv. þeim greiðslukvittunum sem fylgja umsókn.
6. Starfsfólk í launalausú leyfi, launalausú námsleyfi eða í verkfalli, nýtur ekki heilsueflingarstyrks.
7. Starfsfólk í fæðingarorlofi nýtur heilsueflingarstyrks á sama tímabili og gildir um uppsöfnun orlofsréttar, (*þ.e. rétturinn fellur niður eftir að almennu fæðingarorlofi lýkur – ekki er um styrk að ræða í lengdu fæðingarorlofi eða launalausú leyfi í framhaldi af fæðingarorlofi*).
8. Hægt er að nota heilsueflingarstyrkinn við greiðslu á árgjöldum sem veita rétt til iðkunar líkamsræktar og íþróttar ásamt þátttöku í styttri námskeiðum. Hér er átt við greiðslu á aðgangi að líkamsræktarstöðvum, sundlaugum og skíðasvæðum, greiðslu á æfingagjöldum í íþróttasali og félagsgjöldum í klúbba sem og þátttökugjöld vegna annarrar hreyfingar. Styrkur er veittur vegna íþróttagreina sem heyra til og eru viðurkenndar af Íþróttasambandi Íslands.
9. Einnig er hægt að nota styrkinn upp í kostnað við sálfræðiþjónustu eða aðra þjónustu sérfræðinga vegna andlegrar líðan.
10. Sótt er um styrk rafrænt á heimasíðu sveitarfélagsins. Afrit af kvittun þarf að fylgja með umsókn.
11. Kvittun skal ekki vera eldri en 3 mánaða þegar sótt er um heilsueflingarstyrkinn.
12. Kennitala og/eða nafn starfsmanns þarf að koma fram á viðeigandi reikningum/kvittunum.
13. Umsóknir skulu berast fyrir 20. hvers mánaðar (*nema í desember, þá er fresturinn til 15. des.*) og styrkur er greiddur næstu mánaðamót þar á eftir. Mannauðsstjóri ber ábyrgð á styrkveitingum.

Nánari upplýsingar veitir Hrefna G. Björnsdóttir, mannauðsstjóri, með tölvupósti á netfangið [hrefnag@skagafjordur.is](mailto:hrefnag@skagafjordur.is) eða í síma 455-6065.